

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2017, miðvikudaginn 28. júní 2017 kl. 16.00 var haldinn 154. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis við Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Þórlaug Ágústsdóttir (varamaður Kristínar Elfu Guðnadóttur) Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir formaður Íbúasamtaka Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri þekkingarstöðvar PLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 14. júní 2017, um drög að breytingu á aðalskipulaginu varðandi heimildir um veitinga- og gististaði eftir landnotkunarsvæðum.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð ítrekar mikilvægi þess að fram fari grenndarkynning við breytingar á nýtingu húsnæðis sem ekki kalla á breytingar á deiliskipulagi.

Haraldur Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 31. maí 2017, um breytingar á aðalskipulagi vegna Borgarlínu.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð fagnar áformum um Borgarlínu en minnir jafnframt á mikilvægi þess að tengja Borgarlínuna við hverfin með almenningssamgöngum. Hverfisráð leggur áherslu á að fundin verði lausn á norður-suður tengingum til að auðvelda samgöngur milli hverfa.

Haraldur Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið

3. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 2. júní 2017, með útskrift úr gerðabók ráðsins frá 17. maí varðandi Vogabyggð svæði 1.
4. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 21. júní 2017, með útskrift úr gerðabók ráðsins frá 24. maí 2017 varðandi Norðurbrún 2.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð gerir ekki athugasemdir við tillöguna og fagnar því að verið sé að endurnýja húsnæðið. Jafnframt bendir hverfisráð á mikilvægi þess að allar breytingar séu gerðar í sátt við nágranna og að fundin verði viðunandi lausn á bílastæðamálum við götuna.

5. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 21. júní 2017, með útskrift úr gerðabók ráðsins frá 17. maí varðandi Klettagarða 27.
6. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 21. júní 2017, varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina.
7. Fram fer umræða um tónlistarhátíðina Secret Solstice 2017 sem fram fór 15.-18. júní sl.

8. Lögð fram uppstilling formanns hverfisráðs á 25 tillögum að hugmyndum að kosningu í Hverfið mitt.
Samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.15

Bjarni Jónsson
Þórlaug Ágústsdóttir

Heiðar Ingi Svansson

Sandra Berg Cepero
Elín Engilbertsdóttir